

## 26. Fundur hverfisnefndar Giljahverfis

Íbúafundur haldinn í Giljaskóla 17. maí 2018 kl. 20:00

Um 90 manns mætti auk Oddvita og fulltrúa allra framboða á Akureyri ásamt formanni skipulagsráðs.

Formaður hverfisnefndar Finnur Víkingsson setti fundinn og lýsti yfir ánægju hve góð mæting væri hjá íbúum og kynnti Jón Kjartan Jónsson sem fundarstjóra.

Dagskrá:

- Framsaga Eva Hlín Dereksdóttir, fulltrúi hverfisnefndar
- Tryggvi Már Ingvarsson, formaður skipulagsráðs
- Spurningar úr sal til Evu, Tryggva eða annarra
- Ályktun fundar

Eva Hlín Dereksdóttir sagði að tilgangur þessara fundar væri að upplýsa fólk um hvað væri að gerast í hverfinu. Það er fyrirhuguð steypustöð og einingarverkssmiðja en fyrir er gámasvæði og flokkunarsvæði fyrir ofan Norðurorku.

### Eva sýndi eftirfarandi glærur

Svæðið sem um ræðir á þessum fundi er efsta svæði Giljahverfis. Rauða svæðið er lóðin sem er með áform um steypustöð og einingarverkssmiðju og er hún sýnd með fyrirhuguðum stækkunaráformum og bláa svæðið er lóð sem hefur ekki verið úthlutað. Svo má sjá Norðurorku og spennustöð frá RARIK. Rúmir 100 metrar eru frá rauða svæðinu í næsta íbúðarhús.



# Auglýsing Akureyrarbæjar frá 12. apríl 2006 með tillögu að deiliskipulagi Rangárvalla

Textinn sem er gulmerktur finnst hverfisnefndinni skipta mestu máli. Þetta er tillaga að deiliskipulagi athafnasvæðis Landsvirkjunnar, RARIK og Norðurorku. En engin óskyld starfsemi er tilgreind eða leifð í skipulaginu.

12.apríl 2006 er birt auglýsing með tillögu að deiliskipulagi

Auglýsing til birtingar í Lögbirtingablaði miðvikudaginn 12. apríl 2006. Á heimasíðu Akureyrarbæjar og í Dagskránni sama dag.


## Auglýsing um skipulag á Akureyri – Rangárvellir Tillaga að deiliskipulagi

Bæjarstjórn Akureyrar auglýsir hér með skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. tillögu að **deiliskipulagi athafnasvæðis Landsvirkjunnar, RARIK og Norðurorku.**

Skipulagssvæðið liggur norðan Hlíðarfjallsvegur og austan væntanlegrar Síðubrautar og er um 17,5 ha að stærð. Í gildandi aðalskipulagi 1998-2018 er skilgreint iðnaðarsvæði á vestrhluta skipulagssvæðisins, beggja vegna við götuna Rangárvelli, sem tengist Hlíðarfjallsvegi, og eru þar nú 4 lóðir nýttar auk einnar óbyggðrar. Að öðru leyti er svæðið skilgreint sem opið, óbyggt svæði (grænt) í aðalskipulagi. Þar er enn fremur kveðið á um gönguleið (stofnstíg) gegnum svæðið, meðfram Hlíðarfjallsvegi, og er lega hans sýnd á deiliskipulaginu. Vestan götu eru tvær lóðir: Lóð Landsvirkjunar þar sem nú er spennivirki ásamt tengivirkhúsi, og lóð RARIK þar sem er stjórn og rofahús. Austan götunnar er lóð Norðurorku næst Hlíðarfjallsvegi, **norðan hennar er varastöð Landsvirkjunar á lóð og enn norðar er óbyggð lóð.**

# Gildandi deiliskipulag frá 2007 sem er gildandi í dag. Þau eru skilgreind með númerum 1-6

Gildandi deiliskipulag frá 2007



Gestir fengu að sjá stutt myndband sem var tekið upp með dróna fyrir um daginn af efsta hluta Giljahverfis, sorpflokkunarsvæðinu, einingaverksmiðjunni og gámasvæðinu þar sem t.d. öllu grasi frá öllum bæjarbúum er safnað saman á sumrin.

**Gildandi deiliskipulag – almenn ákvæði.** (Texti sem hverfisnefnd vill leggja áherslu á er gulmerktur).

Gildandi  
deiliskipulag

Almenn  
ákvæði

Vestan götu eru tvær lóðir: Lóð Landsnets (1) þar sem nú er spennivirki ásamt tengivirkishúsi, og lóð RARIK (3) þar sem er aðveitustöð. Austan götunnar er lóð Norðurorku (2) næst Hlíðarfjallsvegi, norðan hennar er varastöð Landsvirkjunar á lóð (4) og enn norðar er óbyggð lóð (6).

Innan græna svæðisins er skógræktarreitir í einkaeign, Liljulundur, og teygir sig frá Rangárvöllum að Síðubraut. Sunnan Liljulundar er land í einkaeign sem afmarkast af Hlíðarfjallsvegi, Rangárvöllum og Síðubraut, en að öðru leyti er landið í eigu Akureyrarbæjar.

**Tilefni deiliskipulagsins eru óskir um að festa lóðarmörk á svæðinu, þannig að gefa megi út lóðarsamninga auk þess sem nauðsynlegt þykir að kveða nánar á um landnotkun og mannvirki á svæðinu.**

Málsetning lóða og hæðarsetning lóðarmarka verður tilgreind nánar á mæliblöðum.

Deiliskipulagið er þarna að setja sömu takmörk á starfsemi á svæðinu og fyrrnefnd auglýsingu skipulagsins gerði. Þess má geta að á græna svæðinu í dag er m.a sorpflokkunin.

## Gildandi deiliskipulag – Lóðir, landnotkun og nýtingarhlutfall

Gildandi  
deiliskipulag

Lóðir,  
landnotkun og  
nýtingarhlutfall

### 2 Lóðir, landnotkun og nýtingarhlutfall

**Lóð Landsnets vestan götu (1)** er um 12.700 m<sup>2</sup>. Á lóðinni standa tvö hús, spennivirkishús, sem er um 104 m<sup>2</sup> að stærð, og tengivirkishús, sem er um 737 m<sup>2</sup> að stærð. Á lóðinni er afmarkaður byggingarreitur vegna hugsanlegrar stækkunar síðar á tengivirkishúsi. Leyft nýtingarhlutfall lóðarinnar er 0,3.

Gert er ráð fyrir að lóð Landsnets geti stækkað til vesturs um allt að 50 m ef nauðsynlegt reynist að stækka tengivirkið vegna hugsanlegrar stóriðju í Eyjafirði og til styrkingar á Byggðalínu.

**Lóð Rarik (3)** er um 800 m<sup>2</sup> að stærð og á henni stendur um 128 m<sup>2</sup> aðveitustöð. Ekki eru fyrirhugaðar frekari byggingar á lóðinni.

**Lóð nr. 6** er um 4.000 m<sup>2</sup>. Á henni er markaður byggingarreitur þar sem byggja má hús á 1–2 hæðum. Leyft nýtingarhlutfall er 0,3.

**Lóð Landsvirkjunar austan götu (4)** er um 4100 m<sup>2</sup> að stærð. Núverandi bygging varastöðvar er um 624 m<sup>2</sup>. Í deiliskipulaginu er afmarkaður um 320 m<sup>2</sup> byggingarreitur fyrir hugsanlega stækkun hússins. Leyft nýtingarhlutfall lóðar er 0,3.

Gert er ráð fyrir að þessi lóð geti síðar stækkað um 30 m til norðurs.

**Lóð Norðurorku (2)** er um 37.250 m<sup>2</sup>. Á lóðinni standa hús Norðurorku, sem eru samtals um 5.270 m<sup>2</sup>. Leyft nýtingarhlutfall lóðar er 0,3.

Þetta lýsir hvernig starfssemi á að vera á lóðunum. Lóð austan götu (4) er skilgreind sem lóð fyrir starfsemi varaafstöðvar Landsvirkjunar.

## Gildandi deiliskipulag um húsagerðir

Gildandi  
deiliskipulag

Húsagerðir

### 3 Nýbyggingar, húsagerðir

Á lóð Landsnets (1) vestan götu er gert ráð fyrir einum byggingarreit þar sem núverandi tengivirkishús stendur. Tengivirkishúsið er á einni hæð með lagnakjallara undir hluta þess. Mesta hæð húss er 6,6 m. Gert er ráð fyrir að á byggingarreitnum verði síðar byggt annað slíkt hús.

Á lóð nr. 6 er afmarkaður byggingarreitur fyrir allt að 1.200 m<sup>2</sup> iðnaðarhús á 1-2 hæðum. Mesta veggghæð er um 9 m.

Á lóð nr. 4 austan götu er varastöð Landsvirkjunar. Húsið er á einni hæð, mesta veggghæð er um 9 m. Gert er ráð fyrir að unnt verði að byggja við húsið á byggingarreit sem er 27,9 x 11,4 m að stærð eða alls um 318 m<sup>2</sup>. Leyfileg hæð viðbyggingar er allt að 9 m.

Á lóð nr. 4 er í skipulaginu áfram skilgreind starfsemi varaafsstöðvar Landsvirkjunar og gert ráð fyrir minniháttar stækkun á húsi, en er nú starfandi steypueiningaverksmiðja án allra tilskilinna starfsleifa.

## Gildandi deiliskipulag – Kvaðir

Gildandi  
deiliskipulag

Kvaðir

Sökum nálægðar við íbúabyggð Giljahverfis er kvöð á lóð nr. 6 að verði einungis starfsemi sem felur í sér litla hættu á efna- eða hljóðmengun og er skyld þeirri starfsemi sem nú þegar er á lóðum 2 og 4.

Á mörkum lóða 2, 4 og 6 þar sem þau snúa að íbúabyggð Giljahverfis skal koma upp skermandi gróðurbelti eða girðingu til að draga úr sjónmengun sem fylgir nýtingu lóðanna.

Lóð nr. 6 er eina lóðin sem ekki er búið að byggja á og því ekki með skilgreinda starfsemi í skipulaginu og er sett á hana ströng ákvæði um að starfsemin sé skyld þeirri starfsemi sem fyrir er og sé með litla áhættu á mengun og kvöð um skermun lóðar. Vakin er athygli á að þegar skipulagið er gert er eingöngu fyrir starfsemi Landsvirkjunar, Rarik og Norðurorku auk skyldrar starfsemi, þá sé sú túlkun að við eigenda skipti sé hægt að fella út þessi ákvæði og leyfa steypistöð sem túlkast sem mengandi starfsemi (skipulagsstofnun) ansi langt frá auglýsingu skipulagsins og skipulaginu sjálfu !

Yfirferð á deiliskipulagi lokið og næst er farið yfir í fundargerðir hjá Akureyrarbæ.

## Samþykkt skipulagsráðs 4. apríl 2018

### Samþykkt skipulagsráðs 4.apríl 2018

288. fundur 04. apríl 2018 kl. 08:00 - 11:17 Bæjarstjórnarsalur á 4. hæð í Ráðhúsi

#### Nefndarmenn

- Tryggvi Már Ingvarsson formaður
- Dagbjört Elín Pálsdóttir
- Helgi Snæbjarnarson
- Edward Hákon Huijbens
- Sigurjón Jóhannesson
- Jón Þorvaldur Heiðarsson áheyrnarfulltrúi

#### Starfsmenn

- Bjarki Jóhannesson skipulagsstjóri
- Anna Bragadóttir verkefnastjóri skipulagsmála
- Leifur Þorsteinsson fundarritari

Helgi Snæbjarnarson L-lista mætti í forföllum Evu Reykjalín Elvarsdóttur.  
Dagbjört Elín Pálsdóttir S-lista mætti í forföllum Ólínu Freysteinsdóttur.

Þessir aðilar heimila breytingu á deiliskipulagi og taka jákvætt í stækkun byggingarreits og lóðar.

## Umsókn SS Byggis ehf. um stækkun lóðar (nr.4)

7.Rangárvellir 4 - umsókn um stækkun lóðar

2018010252

Erindi dagsett 17. janúar 2018 þar sem Haraldur S. Árnason fyrir hönd SS Byggis ehf., kt. 620687-2519, óskar eftir viðbótarlóð við lóð nr. 4 við Rangárvelli til norðurs samkvæmt heimild í deiliskipulagi. Einnig er óskað eftirtaldrá breytinga á deiliskipulagi:

- 1) Byggingarreitur stækki og verði 45x55 m.
- 2) Nýtingarhlutfall verði 0,300.
- 3) Mesta hæð bygginga (sílóa) verði allt að 12,0 m frá gólfi efri hæðar.

*Skipulagsráð tekur jákvætt í stækkun byggingarreits en getur ekki fallist á hærri hámarkshæð bygginga eða búnaðar á lóðinni en sem gildandi deiliskipulag kveður á um, eða 9 metra.  
Skipulagsráð felur sviðsstjóra skipulagssviðs að gera tillögu að breytingu á deiliskipulagi sem yrði auglýst í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þar verði einnig skoðað með stækkun á lóð Rangárvalla 2 að lóð Rangárvalla 4, lagnaleiðir skoðaðar og sett frekari skilyrði um starfsemi á lóðunum 2 - 6. Skoðaðar verði kröfur um rykbindingu, hljóðvarnir, girðingar, gróður og snyrtilegan frágang lóða.*

Skipulagsráð felur sviðsstjóra skipulagssviðs að gera tillögu að breytingu á deiliskipulagi en að mati hverfisnefndar er gildandi deiliskipulag frá 2007 mjög skýrt, skrítið að það þurfi að setja frekari skilyrði. Það er hvergi minnst einu orði á steypustöð eða einingaverksmiðju í

umsóknum lóðarhafa né sjö bókunum Skipulagsráðs Akureyrarbæjar. Mjög sérstakt er að það sé ekki skilgreint hvað neðri hæð er há því í umsókn stendur að mesta hæð verði allt að 12 m. frá gólfi efri hæðar sem gefur greinilega til kynna að byggja eigi stóra steypustöð.

Þegar öll starfssemi samkvæmt auglýsingunni, frá Akureyrarbæ um deiliskipulagið, er skilgreind sem starfssemi Landsvirkjunnar, RARIKS og Norðurorku eða skyld starfssemi án mengunar er þá rétt af skipulagsráði að túlka skipulagið þannig að það sé í lagi við eigendaskipti að leyfa óskylda starfsemi, sem einingaverksmiðja og steypustöð er og er líka samkvæmt starfsleyfisskilyrðum Umhverfisstofnunar skilgreind sem mengandi starfsemi, á fyrrum lóð Landsvirkjunar?

Í bókun skipulagsráðs á að setja frekari skilgreiningar á starfseminni þó steypueingarverksmiðja og steypustöð uppfylli ekki núverandi skipulagsákvæði, sem er túlkun hverfisnefndar. Er það þá mögulega ásetningur skipulagsráðs að blekkja íbúa með því að útvíkka skilyrðin í nýju skipulagi svo það verði hægt að samþykkja þarna aðra starfsemi heldur en gildandi deiliskipulag kveður á um og það mengandi starfsemi. Af hverju ætti að samþykkja nýtt deiliskipulag?

## Starfsleyfisskilyrði heilbrigðiseftirlitsins

Starfsleyfisskilyrði fyrir steypustöðvar og steypueiningaverksmiðjur.	
<b>1. Almenn ákvæði og gildissvið.</b>	
1.1	Starfsleyfisskilyrði þessi gilda um rekstur steypistöðvar og steypueiningaverksmiðju, sbr. lið 2.3 í fylgiskjali 2 með reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.
1.2	Starfsleyfisskilyrðin ná til ofangreindrar starfsemi enda sé hún í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og gildandi skipulag. Heilbrigðisnefnd setur ítarlegri skilyrði ef aðstæður krefja.

Starfsleyfisskilyrði fyrir steypustöðvar og steypueiningaverksmiðjur eru mjög strangar þar sem það er mengandi starfssemi og þarf heilbrigðisteftirlit norðurlands að gefa út leyfi fyrir slíku. Það var haft samband við heilbrigðiseftirlit norðurlands og á næstu síðu má sjá tölvupóst þess efnis.

**From:** Alfred Schiöth <alfred@hne.is>  
**Sent:** 16 May 2018 16:03  
**To:** Tryggvi Tryggvason <tryggvi@opusehf.is>  
**Subject:** SV: Skv. samtali, kv. Alfreð

Sæll Tryggvi

**SS Byggir hefur ekki sótt um starfsleyfi til HNE**

Ég spurðist fyrir um stöðu málsins hjá Akureyrarbæ í tölvupósti í dag; læt þig vita hvaða svör ég fæ; s.s. hvort umrædd áform samræmast gildandi skipulagi og eftir atvikum hvaða skilmálar eru settir að hálfu skipulagsyfirvalda

Samræmd skilyrði UST taka við af eldri skilyrðum heilbrigðisnefnda; þannig að skjalið frá UST er það sem við notum framvegis; síðan getur heilbrigðisnefnd bætt í kröfur ef aðstæður kalla á slíkt; eða hafnað umsókn um starfsleyfi

Kveðja

Alfreð

## Yfirlitsmynd



Hér má sjá mynd af svæðinu sem um ræðir.

## Myndir af svæði einingarverksmiðju (lóð nr.4 á deiliskipulagi)



Þarna má einnig sjá gróðurbeltið veitir skjól í dag, en það fer við lóðarstækkun. Myndir teknar 17. maí 2018

## Spurningar frá hverfisnefnd til skipulagsráðs.



- Er nýtt deiliskipulag eingöngu til að stækka lóðina?
- Til hvers að stækka lóð fyrir starfsemi sem er ekki einu sinni leyfð á lóðinni?
- Er nýtt deiliskipulag e.t.v. til að víkka heimildir til starfsemi á lóðinni, fremur en að þrengja þær?
- Höfum hvergi fundið gögn sem segja skýrum orðum að fyrirhuguð starfsemi sé steypustöð eða einingaverksmiðja. Hvers vegna að fela það?
- Viljum gjarnan rökstuðning kjörinna fulltrúa í skipulagsráði hvernig nýtt deiliskipulag er til hagsbóta fyrir íbúa Giljahverfis.
- Hver eru plönin varðandi sorpflokkunina, úldnandi hey og allt ruslið á svæðinu? Á þetta samleið með íbúabyggð og flottu útivistarsvæði Hlíðarfjalls?
- Hefur einingaverksmiðjan starfsleyfi að mati fulltrúa skipulagsráðs? Getum við fengið að sjá afgreiðslu þeirrar umsóknar?

Eva Hlín þakkar fyrir sig og við tekur Tryggvi Már Ingvarsson, formaður skipulagsráðs.

Tryggvi Már kynnir hvernig þetta mál kemur inn á borð skipulagsráðs. SS Byggir óskar eftir deiliskipulagsbreytingu en segir erindi um að þarna verði einingaverksmiðja hafi aldrei komið inn á borð skipulagsráðs. Tryggvi Már telur að það þurfi ekki að gefa upp fyrirhugaða



starfsemi við umsóknir um iðnaðarlóðir eða stækkun á þeim og það sé því eðlilegt að það komi hvergi fram í umsókn né bókunum. Ráðið taki ekki efnislega afstöðu til starfseminnar vegna þess að einingaverksmiðja sé iðnaður og lóðin sé skilgreind sem slík.

Það hafi strax orðið mikil umræða hjá skipulagsráði. Þeir fengu allskonar ábendingar og það voru hlutir í deiliskipulaginu sem varð að staldra við og því fóru aðilar úr skipulagsráði á svæðið, kynntu sér starfssemina og löbbuðu um hverfið. Þeir neituðu hækkun á byggingunni, og halda sig við 9 metra. Þeir heimila að fara í breytingu á deiliskipulagi þar sem hann telur eingöngu vera takmarkanir á notkun á lóð nr 6 og að það sé engin ákvæði um lóð nr. 2 og 4. Deiliskipulag á að lifa fyrir fyrirtæki sem eru í rekstri á svæðinu.

Eins vill skipulagsráð að lóð nr 6 verði felld út úr deiliskipulagi. Næst er unnið að deiliskipulagsbreytingu sem íbúum verður kynnt. Þeir vilja ganga skrefinu lengra og grenndarkynna hana fyrir íbúum sem búa efst í Giljahverfi. Samþykkt var samhljóða að vinna að nýju deiliskipulagi sem verður vonandi hægt að vinna í sátt. Það hafi ekki verið ætlunin að blekkja einn eða neinn. Skipulagsráð fer eftir lögum og reglum, geta ekki farið í einhverjar geðþátta túlkanir hvað má og hvað má ekki. Það er ákvæði í aðalskipulagi að þetta er iðnaðarlóð og þá er erfitt að hafna einhverri starfssemi. Hægt að þrengja að því í deiliskipulagi.

Tryggvi svarar spurningum hverfisnefna sem Eva bar upp hér að ofan og eru endurteknar hér:



- Er nýtt deiliskipulag eingöngu til að stækka lóðina?
- Til hvers að stækka lóð fyrir starfsemi sem er ekki einu sinni leyfð á lóðinni?
- Er nýtt deiliskipulag e.t.v. til að víkka heimildir til starfsemi á lóðinni, fremur en að þrengja þær?
- Höfum hvergi fundið gögn sem segja skýrum orðum að fyrirhuguð starfsemi sé steypustöð eða einingaverksmiðja. Hvers vegna að fela það?
- Viljum gjarnan rökstuðning kjörinna fulltrúa í skipulagsráði hvernig nýtt deiliskipulag er til hagsbóta fyrir íbúa Giljahverfis.
- Hver eru plönin varðandi sorpflokkunina, úldnandi hey og allt ruslið á svæðinu? Á þetta samleið með íbúabyggð og flottu útivistarsvæði Hlíðarfjalls?
- Hefur einingaverksmiðjan starfsleyfi að mati fulltrúa skipulagsráðs? Getum við fengið að sjá afgreiðslu þeirrar umsóknar?

- Nýtt deiliskipulag er til að marka skýrari stefnu hvað má og má til alls svæðisins ekki bara lóðar 2 og 6
- Það voru ákvæði í fyrra deiliskipulagi um að stækka lóðina, höfum ekki tekið afstöðu ekki tekið umræðuna en það verður væntanlega gert fljótlega af nýju skipulagsráði sem tekur við eftir kosningar.
- Nýtt deiliskipulag er til að þrengja kröfur ekki víkka þær, það er mikið nábyli um 120 m. frá efsta húsi og það er eitthvað sem þarf að vinna með.

- Það er ekki verið að fela neitt. Það þarf ekki að tilgreina starfsemi í umsókn um stækkun lóðar.
- Þeir vilja búa til nýtt skipulag sem rýmar betur við nábylið við íbúabyggð. Erum að reyna að taka stefnið á móti íbúum.
- Skipulagsráð veit ekki hvort einingaverksmiðjan hafi starfsleyfi og það er alvarlegt ef einhver starfsemi hefur rekstur án þess að hafa til þess tilskilin leyfi. Skipulagsráð er ekki að eltast við það heldur er það hlutverk heilbrigðisfulltrúans að fylgjast með því.
- Plön varðandi sorpflokkun, þá á úldnandi hey ekki samleið með íbúabyggð og hefur hann heyrt að það eigi að setja það í lokaða gáma en hann þekkir málið ekki nóg því sorpflokkun er ekki á borði skipulagsráðs.

Eva fær orðið og beinir spurningu til Tryggva Mús en hann segir að skipulagið frá 2007 sé illa unnið því það skilgreini ekki nógu vel hvaða starfssemi megi vera þar og því þurfi að samþykkja nýtt deiliskipulag. En ef það er illa skilgreint og það getur í raun hvaða iðnaður sem er verið þarna er það þá ekki alltaf besta val okkar íbúa að hafna stækkun á lóð (4) til að takmarka stærðina, mögulega eina vopnið sem við höfum ef það á að leyfa iðnað á þessari lóð yfir höfuð? Tryggvi segir það eitt sjónarmið, annað er sem kemur fram í bókun skipulagsráðs, það er að hafna að laus efni séu geymd utandyra, öll starfssemin sé innandyra. Það er hægt að setja allskonar íþyngjandi ákvæði um starfsemina sem slíka. Það takmarkar líka hvaða starfssemi getur verið á lóðinni. Eva segir að þó séu ákvæði í lóðarskipulagi og í bókunum skipulagsráðs að þetta eigi að vera snyrtilegt osfrv. Norðurorka sem er í 99% eigu Akureyrarbæjar er þarna og getur ekki haft snyrtilegt í kringum sig hvernig ætlar bærinn þá að hafa stjórn á fyrirtækjum? Tryggi Már segist ekki geta svarað þessu sem formaður skipulagsráðs. Erfitt að eiga við draslara, þetta er verkefni sem þarf að gera betur.

Fundarstjóri tók við stjórninni þar sem honum fannst barið svolítið á Tryggva Má og Ólína Freysteinsdóttir úr skipulagsráði fékk orðið og talar um hve vel er mætt á fundinn og mikilvægt að fólk láti í sér heyra. Þó hún hafi ekki verið nefnd í bókuninni þá situr hún í skipulagsráði og Dagbjört sat umræddan fund þar sem hún var forfölluð. Það var alveg skýrt í hennar huga frá upphafi og þakkar hún Tryggva Tryggvasyni fyrir öll þau göng sem hann hefur sent skipulagsráði. Hún segist vera íbúi í bænum ekki verkfræðimenntuð eða menntuð á þessu sviði og því mjög mikilvægt að fá réttar upplýsingar frá fólkinu í samfélaginu. Skipulagsráð fjallar um málin og í janúar var málinu frestað þar sem voru háværar umræður á fundinum. Alveg skýrt í hennar huga á þetta alls ekki heima þarna. Þarna er fallett svæði og alveg ljóst að það þarf að huga að mengandi starfssemi. Tryggvi Már hefur bent á að það er hægt að setja íþyngjandi kvaðir en henni skyldist á þessum fundi að það hafi verið eina rétta leiðin að auglýsa þetta til að fá athugasemdir eins og þessar. Þessar lóðir eru merktar iðnaðarlóðir og ekki til neitt sem heitir léttar eða þungar iðnaðarlóðir. Það væri kannski skiljanlegra fyrir fjölskyldufólk. Þetta er einn fjölmennasti fundur sem skipulagsráð hefur verið boðið á og hafa þeir setið þá marga. Íbúar samfélagsins þurfa að veita stjórnkerfinu og pólitíkinni aðhald.

## Spurningar úr sal

- Spurt var hvort þetta hafi verið einróma samþykkt á fundinum ? Ólína svarar já á fundinum 4.apríl, það var samþykkt að það færi í auglýsingu en það er ekki það sama og að segja já við starfsseminni.
- Nefnt er einkennilegt orðalag í umsókn „12 metar frá efri hæð“. Tryggvi Már svaraði að því hefði verið hafnað. Það eru nú þegar tvær hæðir í húsinu, kjallari og plata og svo 9 metra lofthæð þar fyrir ofan. Þeir óska eftir þremur metrum hærra en það. Spurt var hver er persónuleg afstaða skipulagsráðs væri gagnvart svona starfssemi á þessum stað og þar sem fólk er ekki duglegt að mæta á fundi sem boðaðir eru hjá stjórnslunni þarf þá ekki að breyta með hvaða hætti verið er að reyna að ná til fólks? Tryggvi Már svarar að skipulagsráð hafi reynt að ganga skrefinu lengra sem dæmi þegar hugmynd var að loka gögugötunni fyrir umferð þá var sent boð á hvern og einn verslunarrekanda og það mættu að hann minnir þrír. Þeir hafa verið að notast við facebook ef breyting á deiliskipulagi er þá er sett inn á hverfissíðuna til að vekja athygli á breytingum. Þeir eru að reyna að ná til íbúanna til að þeir sjái fundarboð. Mjög margir mættu í Hof á síðasta ári varðandi breytingu á aðalskipulagi voru þeir með 6 fundi. Ólína tekur við orðinu af Tryggva og segir að í sínum huga hvort steypistöð verði þarna þá er svarið nei og er það einnig í stefnu Samfylkingarinnar. Tryggvi Már vill líka fá að svara spurningunni hvort þarna eigi að koma steypistöð og þá spyr hann á móti hvað er steypistöð ? Þá svarar fólk úr sal, sem býr til steypu. Þá segir Tryggvi að mól og sandur sé ekki að koma þarna. Það er ekki mengandi starfssemi að koma þarna. Eva grípur orðið og segir að þarna sé búið að vera starfandi einingaverksmiðja án starfsleifa frá árinu 2016 og spyr hvort Tryggva Má finnst hún eiga að vera áfram? Tryggvi Már segir að nú fyrst sé að koma viðbrögð frá íbúum og finnst að þeir í skipulagsráðinu ekki hafa haft umboð til þess að stoppa starfssemina. Ef þeir auglýsa deiliskipulag og fá neikvæð viðbrögð þá er eðlilegt að bregðast við en til þess þarf sterkt umboð. Persónulega finnst honum að mengandi starfssemi eigi ekki heima á þessu svæði nálægt íbúum.
- Tryggvi Már svarar að skipulagsráð hafi borist minnisblað og einnig verið sent á hverfisnefnd fyrr í dag frá SS Byggi sem er með einingaverksmiðjuna að sementið sé í sílóum og þeir vilja blanda það einhverjum malarefnum sem þurfa að vera í geymslu sem er frostfrí sem er þá yfirbyggð og hluti af þeirri byggingu sem er nú þegar til staðar. Öll steypuvinna á að fara fram innandyrá og á ekki að vera mengandi efni frá því. Tryggvi Már tekur fram að hann sé ekki sérfræðingur í steypuvinnu. Eva grípur inn í og sýnir gestum myndir af svæðinu og þar má sjá steypuhrúgur utandyra.
- Byggingarverkfræðingur úr sal fær orðið og segist þekkja heilmikið til steypustöðva og hafði hann samband við Umhverfisstofnun á sínum tíma og fékk sent skjal þar sem steypustöðvar eru skilgreindar sem mengandi starfssemi. Samkvæmt upplýsingum Umhverfisstofnunar þá á svona nokkuð ekki heima nálægt íbúabyggð. Hann segir frá sinni reynslu að þó sement komi í tönkum og sé dælt inn í síló þá vita allir sem hafa keyrt um Akureyri að það kemur þykkur sementsmökkur fyrir ofan Mól og Sand annað slagið. Það er þegar verið er að tengja sementsslöngur saman og aftengja og þá er alltaf eitthvað efni sem sleppur út. Þetta yrði þá fyrsta steypustöð á Íslandi sem yrði

mengunarlaus, hann hafi aldrei heyrt um slíkt og hefur hann heimsótt þær margar á landinu og erlendis. Malarbunkar er mulið efni og í muldu efni eru einhver prósentu af steinryki, sandur blautur og ekki hægt að dæla honum, því þarf að moka honum í hólfi og það er ekki að fara að gerast á þeim fermetrum sem gefnir eru upp fyrir bygginguna. Steypustöð þarf pláss fyrir allan sandinn og malarbunkana sem séu 2 til 3 svortir. Segist hann aldei hafa séð steypustöð sem ekki sé með planið fljótandi í drullu af sandi, möl og sementsefju. Hann veit að Reykjavíkurborg er í stórum vandræðum með að losna við steypustöðvar úr borginni. Hreint ferli hjá steypustöð er ekki til.

- Tryggvi Már svarar honum að þarna kemur að kjarnanum að skipulagsráð setur íþyngjandi afmarkanir hvað megi vera á lóðinni og hvernig þeir mega ganga frá. Ef þeir uppfylla ekki þær kröfur þá getur einingaverksmiðja ekki starfað þarna. Tryggvi Már vill ekki tala um fyrir einhverri steypustöð þar sem hann er mótfallinn steypustöð á þessu svæði.

Viðmælandi úr sal segir að lóðarhafi getur lofað öllu fögru og þá þarf að horfa raunsætt á þetta og ráðleggur skipulagsráði að leita ráðleggingar hjá verkfærðistofum sem Tryggvi Már segir að þeir geri í deiliskipulagsferlinu. Tryggvi Már segir þessa starfsemi vera í 5. mengunarflokki eins og tannlæknastofur, sem sé neðsti flokkurinn.

- Halla Björk frá L- listanum myndi vilja sjá að þessari starfssemi yrði fundinn annar staður en spyr Tryggva Má hvort hann sjái fyrir sér í nýju deiliskipulagi að það yrði gerðar svo íþyngjandi kröfur að þessi starfssemi yrði ekki þarna. Tryggvi Már segir að ef ekki má geyma lausaefni utandyra þá er þetta, samkvæmt lýsingum frá byggingarverkfræðingi úr sal, ekki svæði fyrir steypustöð.
- Eva Hlín spyr Tryggva Má hvort hann væri til í að setja inn á deiliskipulag í staðinn fyrir litla hættu, enga hættu á efna og hljóðmengun ? Tryggva Má finnst eðlilegt að gera kröfu um enga mengun.
- Ólína fær orðið og bendir á að það hafi verið fulltrúar úr fleiri flokkum sem samþykktu þetta og henni finnst erfitt að horfa á Tryggva Má standa einan uppi fyrir svörum. Fundarstjóri tekur við orðinu og bendir á að ekki sé hugmyndin að fara út í pólitík þá er verið að hugsa þetta aðeins stærra en það.
- Hvernig virkar kerfið varðandi Akureyrarbæ og skipulagsráð, kemur skipulagsráð að veitingu starfsleyfis eða er það bara heilbrigðiseftirlitið ? Tryggvi Már þekkir ekki ferlið en yfirleitt er það heilbrigðiseftirlitið og í einhverjum tilfellum byggingarfulltrúi. Þetta komi aldrei inn á borð skipulagsráðs. Þarna hefði getað verið komin steypustöð en þeir óskuðu eftir deiliskipulagsbreytingu. Önnur spurning frá sama aðila. Hvernig stendur á því að það er komin starfssemi þarna sem ekki er einu sinni með starfsleyfi, þarf ekki að beita einhverjum viðulögum ? Fundarstjóri grípur inn í og segir að þetta sé ekki á borði skipulagsráðs og spurt er hvort einhver annar en Tryggvi Már geti svarað. Sigurður Guðmundsson fyrrum bæjarfulltrúi svarar að það megi hver sem er leggja inn kærú á þá starfssemi sem hefur ekki leyfi. Þegar menn hafa brotið á kerfinu og fylgja ekki reglum til að vera með starfsseminu. Sigurður sat í skipulagsnefnd á síðasta kjörtímabili og börðust þeir á hverju einasta ári að koma Möl og Sandi í burtu. Tryggvi Már segir að það hafi áfram verið unnið markvisst að því að koma Möl og sandi í burtu og sú vinna hefur haldið áfram, það er þungt ferli og erfitt en tekin hafa verið stór skref í þeim málum. Fundarstjóri bendir á að það sé þá íbúanna í hverfinu að skoða með kærúmál.

- Byggingarfræðingur tekur undir orð byggingarverkfræðingsins, þar sem hann vinni í Slippnum eru 3 stór síló sem ekki eru gömul og eiga því að vera í góðu standi en þegar verið er að taka úr og setja í, þá liggur sementsmökkur yfir svæðinu. Það að sement eigi að vera í sílóum er ekki ávísun á að ekki verði ryk. Þó svo að það verði sett einhver íþyngjandi ákvæði í deiliskipulag þá getur verktaki hæglega gert annað en hann segist ætla að gera. Þá þarf að bregðast við og reyna að koma honum í burtu. Íþyngjandi ákvæði þurfa að vera enn strangari varðandi starfssemina sem má vera á lóðinni. Tryggvi Már svarar að skipulagsráð sé í sambandi við sérfræðinga varðandi þessa þætti.
- Finnur Víkingsson, formaður hverfisnefndar fær orðið og vill benda á nokkur atriði. Að setja reglur og reyna að láta framfylgja þeim og það ferli ef menn framfylgja þeim ekki hvernig á að koma þeim í burtu. Eins og Tryggvi Már og Sigurður Guðmundsson sögðu fyrr þá hafa þeir reynt að koma Mól og Sandi í burtu, eiga þá íbúar að búa við það ef reglunum er ekki fylgt að sitja uppi með steypustöð í 30 ár af því það er ekki hægt að koma þeim í burtu ? Ef svona starfssemi er í 5. flokki eins og tannlæknastofur þá fara menn ekki af stað með tannlæknastofu nema að allt sé 100% og hér er farið af stað áður en búíð er að sækja um leyfið. Þá svaraði Tryggvi Már því að hann hafi tekið sem dæmi í hvaða flokki steypustöð væri. Enn eitt atriði sem Finnur vill að fólk viti er, hversu oft var fjallað um þetta mál hjá skipulagsráði og af hverju þurfti að taka það svona oft fyrir ? Tryggvi Már man ekki hve oft en svar frá öðrum úr skipulagsráði kemur og er það 7 sinnum. Ástæðan var að það þurfti að skoða frá öllum hliðum og koma sér vel inn í málið. Þeir gátu ekki tekið afstöðu gegn ákveðninni starfssemi sem væri innan iðnaðarlóðar, það er hægt að setja takmarkanir en ekki hægt að taka afgerandi afstöðu. Finnur spyr hvort þetta hafi fengið samþykki af því að aðrir fulltrúar sátu fundinn eða varð eitthvað til þess að það hafi verið hægt að taka jákvætt í þetta ? Finnur nefnir að það hafi verið annar mannskapur á fundinum en Tryggvi Már neitar því og finnst hafa verið vegið að sér á facebókarsíðu hverfisins þar sem það er hann sem stjórnar fundum skipulagsráðs. Helgi Snæbjarnarson hefur setið alla fundi síðastliðin 3 ár, eina manneskjan sem var ekki á fundinum var Ólína og það hafði ekki áhrif á afgreiðslu málsins. Ólína fær orðið og segir ef ramminn sem skipulagsráð vinnur eftir kveður ekki á að þeir geti neitað þá verður að setja málið í ferli og það er það sem gerist og núna er hægt að bregðast við því.
- Byggingarverkfræðingur úr sal segist ósammála því að ekki sé hægt að neita neinum iðnaði að hafa starfssemi á iðnaðarlóð, hann hafi rætt við Umhverfisstofun og spurt sérstaklega út í steypustöðvar og ef þetta væri t.d sementsverksmiðja þá væri það þeirra megin og þá myndu þeir taka hana í umhverfismat. Tryggvi Már grípur þá frammí og segir þetta ekki vera sementverksmiðju. Viðkomandi heldur áfram og segir að þá sé skipulagsábyrgðin á Akureyrarbæ og þeim ber að skipuleggja þannig að iðnaðarhverfi séu þannig skipulögð að það sé minnst mengandi starfssemi næst íbúarbyggð. Þegar skipulagið er auglýst 2006 þá gerir hann athugasemd við það og hann veit að Norðurorka gerir athugasemdir líka og virðast þeir sammála um að skilja það sem svo að þetta sé athafnasvæði Landsvirkjunnar, Raríks og Norðurorku. Þegar hann hafi fengið auglýsingu skipulagsins senda frá Akureyrarbæ þá var ljóst að þetta væru einungis athafnasvæði þessara þriggja fyrirtækja og allar athugasemdir við skipulagið því miðaðar við það, því væri auglýsingin misvísandi fyrir skipulagið ef

ætti að túlka hana örðuvísi. Tryggvi Már tekur orðið og segir ekki hægt að bynda deiliskipulagi nöfnum ákveðinna fyrirtækja. Aftur fær viðkomandi orðið og segir að sá sem vinnur skipulagið í framhaldinu vinnur í sama anda og auglýsingin var gerð í og setur inn nöfnin, Landsvirkjun, Rarik og Norðurorka og eina lóðin sem á eftir að úthluta fær mjög þrönga skilmála, eða að það má ekki vera mengandi starfssemi og hún þarf að vera skyld þeirri starfssemi sem fyrir er. Hann segir það skrítið ef maður getur komið eftir á og sagt þegar lóðin við hliðina á er seld að hún detti út og þurfi ekki að vera eitt af þessum þremur fyrirtækjum eða skyld starfssemi án mengunar. Það er ekki hægt að hugsa sér meiri mengandi starfssemi en steypustöð á Akureyri.

Annað hvort er deiliskipulagið eða auglýsingin snargölluð ef túlka á alla iðnaðarstarfsemi leyfilega og þá dettur þetta um sjálft sig, eða að deiliskipulagið og auglýsingin standa óbreytt og eru samhljóma um hvaða starfssemi má vera enda fast njörvað niður í deiliskipulaginu.

- Annar aðili úr sal tekur til máls og segir að núgildandi deiliskipulag sé alveg klárt, það stendur hvaða fyrirtæki megi vera þar og skyld starfssemi. Þetta er ekki iðnaður, Norðurorka er ekki iðnaður, Landsvirkjun er ekki iðnaður, þetta er staðsetning fyrir þessi fyrirtæki sem eru með aðsetur þarna og eru nánast ekki að gera nokkurn hlut þarna nema vera með lager. Tryggvi Már svarar að þeir geti ekki bundið deiliskipulag einhverjum ákveðnum fyrirtækjum. Deiliskipulag er í raun óskýrt og ekki nógu gott. Viðkomandi grípur inn í og segir það einmitt mjög skýrt það eru bara þessi fyrirtæki sem mega vera þarna. Tryggvi Már sagði að aðilar hefðu verið fengnir til að túlka þetta og það hafi verið borið á borð að þetta væri ekki nógu skýrt og því er verið að fara að vinna að nýju deiliskipulagi með takmörkunum. Viðkomandi úr sal grípur aftur orðið og segir að þeir séu í raun að opna fyrir iðnaðarlóðir en það ætti frekar að skoða aðalskipulagið og henda öllu í burtu heldur en að gera deiliskipulag fyrir einhverja iðnaðarlóð.
- Ólafur Kjartansson varamaður í skipulagsráði tekur til máls, hefur setið fundi þar sem menn voru að reyna að finna ásættanlega lendingu sem stenst allar formkröfur. Munurinn eru þessi túlkunaratriði eins og Tryggvi Már hefur talað um og svo byggingarverkfræðingurinn úr sal, þá finnst Ólafi rök byggingarverkfræðingsins standast en hefur ekki lögfræðilegt álit á bakvið það en eins og þetta er sett fram á deiliskipulagi 2006 þá er textinn þar og andinn miðað við þessar þrjár stofnanir Rarik, Landsnet og Norðurorku, varastöðin sem var þá byggð sem þjónustustöð til að halda varaaflinu á kerfinu hún er með ákveðinn sess í þessu skipulagi og í skipulaginu er talað um skylda starfssemi. Það á að duga til að segja að steypustöð í staðinn fyrir varastöð er ekki skyld starfssemi. Það er ekki hægt að hunsu. Það sem þarf að hugsa í framhaldinu er að stjórnvísan þarf að fara meira út á meðal fólksins og þau sem eru þar starfandi þurfa að finna ráð til þess og einn bæjarfulltrúi fór á námskeið til þess svo þekkingin er að myndast. Styrkurinn til að fylgjan reglum og svo að beita viðurlögum þarf að styrkja, til að geta sett reglur hvernig fyrirtæki mega haga sér, hvað má fara frá þeim og ef þeir gera eitthvað sem ekki má hvernig má þá bregðast við með ekki of löngum fyrirvara, með verkfæri sem duga til að taka á því. Þarna stöndum við mjög aftarlega á merinni heilt yfir. Eitt af þeim verkfærum sem hægt er að nota eru umhverfisvísar, sem gera grein fyrir hvernig svæðin eru, til að geta fylgst

með hvernig þau breytast og þá er hægt að taka ákvörðun hvernig breytingar eru leyfðar og hvernig er brugðist við þeim.

- Gestur úr sal þakkar fyrir fundinn og finnst það mjög skýrt þegar tveir fulltrúar eru búnir að segja skoðun sína að þeir vilji ekki steypustöð þá ætti það að duga. Deiliskipulag frá 2007 er mjög skýrt og eflaust túlkunaratriði en hefur verið látið reyna á þessi túlkunaratriði? Sjö fundir segja manni eitthvað og engar bókanir ef þeir sem segjast vera harkalega á móti þessu segjast ekki hafa látið bóka neitt þá er erfitt að vita hver vilji þeirra er núna. Bókanir eru gott tæki til að koma sínu á framfæri þannig að þeirra fulltrúar viti hvað þeir séu að gera í ráðum og nefndum. Það er fráleitt að hafa svona starfssemi nálægt, það er alveg vitað að lóðareigandi er ekki í garðrækt hann er í byggingariðnaði þannig að það er augljóst að slíkt eigi ekki að fara fram á þessari lóð. Síðan er það sorpstöðin, það er friðlýstur Glerárdalur, fallett útivistarsvæði, Hlíðarfjall sem er dásamlegur staður en það þarf að keyra framhjá sorphaugunum til að komast þangað sem er ofboðslega óaðlaðandi þá er þetta orðið barn síns tíma og ætti að fara. Tryggvi Már svarar einu atriði um að þeir hafi aldrei vandað sig jafn mikið við bókun og þessa, en aðili úr sal sagði hana frekar óskýra. Það er mjög mikið að gera í bænum og þeir eru með 30 – 40 mál á dagskrá þriggja tíma funda til umfjöllunnar, því hafa komið upp frestanir, og þeir hafi ekki viljað láta bóka eitthvað heldur vandað sig og þeir töldu sig virkilega vera að gera það í þessum efnun.
- Í ljósi þessara upplýsinga sem fram hefur komið, eru til einhver æðri lög sem segja þetta virkar ekki svona þegar tilgreint er að Landsvirkjun, Norðurorka og Rarik eru þarna? Tryggvi Már svarar að þetta sé orðið mikið túlkunaratriði og þá er betra að taka málið upp og skerpa á skipulaginu. Þá kemur önnur spurning um hvernig það geti gerst að það sé eitthvað fyrirtæki sem kaupir hús og hefur starfssemi og ekki komið með leyfi og það eru ákvæði í deiliskipulaginu sem gefur til kynna að sú starfssemi eigi ekki heima þar, við getum ekki einu sinni fengið að byggja skúr í bakgarðinum öðruvísi en að fá leyfi fyrir því sem er oft mjög erfitt, hvernig getur þetta gerst ? Tryggvi Már segist ekki geta svarað því.
- Guðmundur Baldvin formaður bæjarráðs tekur til máls og tekur undir hjá Sigurði Guðmunssyni sem kom inn á að skipulagsráð vinnur eftir ákveðnum ramma og reglum. Það er gott að upplýsa fólk um að Tryggvi Már hefur lagt sig fram um að vinna mjög faglega og það að taka þetta fyrir á 7 fundum sýnir það að menn eru að vanda sig og búnir að skila þessari vinnu þá er komið að þætti íbúanna sem kemur til með að hafa áhrif á það sem verið er að gera. Núna er tækifærið fyrir íbúa, leyfum skipulagsráði að kynna þetta betur en það sem er stóra málið hér er að þetta sé ekki með starfsleyfi, það er ámælisvert. Spurning sem beinist til Guðmundar úr sal er hvort ekki þurfi að stokka upp í heilbrigðisteftirlitinu og Guðmundur segir að það sé eitthvað sem þarf að skoða. Hins vegar er ekki hægt að kenna Tryggva um það og það heyrir ekki undir bæjarráð, það þarf hinsvegar að skoða hvernig þetta geti gerst að það sé fyrirtæki í bænum sem hafi ekki starfsleyfi.

- Gunnar Gíslason bæjarfulltrúi sjálfstæðisflokks tekur næst til máls og finnst gott að fólki er ekki sama um umhverfið. Það sem honum finnst endurspeglast í umræðunni um þetta mál frá upphafi er vantraust, kannski er ástæða fyrir þessu vantrausti og er eitthvað sem þarf að skoða. Málið er að það hefur ekkert verið samþykkt hans vitanlega. Þegar hann heyrði af þessu máli þá hugsaði hann, er þetta eitthvað sem fellur að þörfum eða vilja íbúa sem er í þessu umhverfi. Þá er verið að ræða það að fara í deiliskipulagsbreytingu og ef menn fara í breytingar á deiliskipulagi þá þarf að kynna það fyrir íbúum og þá fá þeir tækifæri á að segja nei, já eða ekki neitt og þá er það bæjarfulltrúa að taka afstöðu hvað er gert. Nýlegt dæmi er tillaga í Naustahverfi þar sem íbúar þar risu upp á afturlappirnar og tillagan var kolfelld. Eins hefði það verið í þessu tilviki. Hann skilur það þannig hjá skipulagsráði að þar sem málið var ekki skýrt, menn töldu einhvern vafa þá væri vissara að fara í þessa breytingu og taka þetta lýðræðislega ferli. Ef menn hefðu verið með þetta á hreinu þá hefði verið sagt nei strax. Málið snýst um að eiga samtal við íbúa ef þeir eru á móti þá er klárt mál að það verður ekki, Gunnar myndi ekki vilja steypustöð í bakgarðinum hjá sér. En menn þurfa að fylgja ákveðnum reglum þannig að allt sé uppi á borði. Tryggvi Már svarar að þeir hafi ákveðið að hafa frumkvæði á breytingu á deiliskipulaginu því það eigi ekki að leyfa hvað sem er.
- Hilda Jana á oddviti Samfylkingar segir að bókun hafi verið óskýr hjá skipulagsráði segist vera að fá mun betri kynningu hjá hverfisnefndinni. Ég skil hana ágætlega en hún er mjög óskiljanleg. Tryggvi Már svarar því að líklega hefði skipulagsráð vandað sig of mikið.
- Aðili úr sal spyr hefur friðlýst svæði sem er svæði fyrir ofan Urðargil, suðureftir að spennustöð og melurinn neðan við verið breytt, þar sé líka mýri og mikið fuglalíf og ein fallegasta bæjarperlan. Svo við fáum ekki steypustöð sem mun skemma þetta land, fyrir viðkomandi er þetta ekkert nema steypustöð, bara burt með þetta, hættið þessu bara takk fyrir.
- Aðili úr sal segir að þegar skipulagsráð labbaði um svæðið þá hljóta þeir að hafa séð malarhaugana sem liggja á þessu svæði? Tryggvi Már sagðist hafa séð þá. Þá spyr viðkomandi hann að hann geti rétt ímyndað sér framhaldið á þessu.
- Beiðni til hverfisnefndar fyrir hönd íbúa að kæra þetta sem er í gangi á svæðinu núna.
- Aðili úr sal segir af hverju má ekki hafa grænt svæði þarna? Það má ekkert vera á lóðum nema það sem um er samið, mikið hafa þeir náð góðum samningum hjá ruslinu.

Fundarstjóri stoppar fyrirspurnir úr sal og segir að Eva Hlín og Finnur vilji taka til máls í lokin.

Eva Hlín segir fundargestum að það sé ásetningur hverfisnefndar að halda þennan fund fyrir fólki til að það geti tekið upplýsta ákvöðun.

Finnur Víkingsson formaður hverfisnefndar telur að það hafi klikkað hjá bænum að skilgreina svæði fyrir svona starfssemi, það er mengandi starfssemi sem allir vilja losna við. Úti í Krossanesi er malbikunarfyirtæki og steypustöð sem Arnarfell rekur sem er akkúrat svona mengandi starfssemi á tveimur lóðum svo það hlýtur að vera markmið Akureyrarbæjar eða þeirra sem stjórna að hafa svona starfssemi á einum stað. Við erum lítið samfélag, um 18



Þúsund og alltaf er verið að hlægja að því hvað það séu stuttar vegalengdir á Akureyri svo það skiptir engu máli hvar sementsverksmiðja eða einingaverksmiðja er staðsett í bænum, þetta getur verið í jaðarbyggð eins og þarna út frá þar sem er skyld starfssemi. Það er alls ekki rétt að koma svona starfssemi fyrir hér í hverfinu og það sem er sorglegast er að þetta er byrjað án þess að nokkur geri athugasemd.

Fundarstjóri tekur til máls og endar á að lesa tillögu að ályktun fundarins

## Tillaga að ályktun fundarins

- Íbúafundur haldinn 17. maí 2018 í sal Giljaskóla, skorar á bæjaryfirvöld, að stöðva leyfislausu starfsemi steypueiningaverksmiðju í húsi á lóðinni Rangárvöllum 4 sem var áður lóð varaafllsstöðvar Landsvirkjunar.
- Eins er skorað á bæjaryfirvöld að stöðva deiliskipulagsbreytingu sem heimilar slíka starfsemi að viðbættri steypustöð, þar sem slík starfsemi er alveg upp að Giljahverfi og fellur undir mengandi iðnað með hávaða-, ryk- og sjónmengun.
- Íbúar áskilja sér rétt til að höfða skaðabótamál gegn bænum vegna verðyrnunar eigna ef skipulagi verður breytt til að leyfa þessa starfsemi, sbr. heimild í 51. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Um grafalvarlegt mál er að ræða því tjón íbúa af þessum sökum, og þar af leiðandi kröfur á Akureyrarbæ, gætu numið mörg hundruð milljónum króna.

Fundarstjóri biður fólk sem samþykkir þessa ályktun að rétta um hönd. Ályktunin er samþykkt nánast einróma og er enginn á mói.

Hverfisnefnd þakkar öllum þeim sem mættu á fundinn kærlega fyrir komuna.

Fundi slitið kl. 21:45

Elín Eyjólfsdóttir, ritari hverfisnefndar.